

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 15. febrúar 2002 2002020135


Efni: Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 91/1998, um bindandi álit í skattamálum (hækkun gjalds 316. mál)

Vísað er til bréfs Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 5. febrúar sl., þar sem ríkisskattstjóra var sent til umsagnar frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 91/1998, um bindandi álit í skattamálum, (316. mál, þingskj. 392).

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á 7. gr. laganna þannig að grunnjald vegna fyrir bindandi álit hækki úr kr. 10.000 í kr. 50.000 og að ákvæði um kr. 40.000 hámarksgjald verði afnumið.

Ríkisskattstjóri hefur farið yfir frumvarpið og telur ekki tilefni til að fjalla ítarlega um hinar fyrirhuguðu breytingar. Það er mat ríkisskattstjóra að fyrirhugaðar breytingar séu eðlilegar og rökréttar þegar litið er til þeirra breytinga sem gerðar voru á 4. mgr. 117. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 39. gr. laga nr. 133/2001. Þá telur ríkisskattstjóri að breytingarnar endurspegli með réttum hætti þá vinnu sem liggur að baki bindandi álitum.

Virðingarfyllt
f. h. ríkisskattstjóra


Guðrún Jenny Jónsdóttir


Bragi Gunnarsson